

Nd.

615. Nefndarálit

[218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi Skólaeftirlitinu frumvarpið til umsagnar. Forstöðumaður þess, Aðalsteinn Eiríksson, mælir með, að það verði samþykkt, og segir í bréfi 28. þ. m. meðal annars:

„Það mun ekki hafa verið ætlunin með setningu hinna nýju skólakostnaðarlaga að þrengja hag sveitarfélaga. Þess vegna var samþykkt, að húsmæðraskólarnir kæmu undir áðurnefnda undanþáguheimild, ef þess yrði óskað, og það hafa allir hlutaðeigendur gert. Nákvæmlega sömu rök liggja til þess, að sama gildi um héraðsskólann á Laugum. Að honum stendur eitt sýslufélag, er kostar hann móti ríkinu, og hlutur þess verður allmiklu meiri eftir ákvæðum nýju laganna en hinna eldri. Vísast um þetta atriði til meðfylgjandi samanburðaryfirlits miðað við kostnað 1967.

Ég er sammála öllum þeim atriðum, er fram koma í síðustu mgr. greinargerðar með frumvarpi því, er fyrir liggur, og mæli því eindregið með því, að það verði samþykkt.“

Að athuguðu máli leggur menntamálanefnd til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — BK og MK voru ekki á fundi, þegar frv. var afgr. úr nefndinni.

Alþingi, 30. apríl 1969.

Benedikt Gröndal,
form.

Þjartmar Guðmundsson,
fundaskr., frsm.

Sigurvin Einarsson.

Hannibal Valdimarsson.

Gunnar Gíslason.

Fylgiskjal.

Fjármálaeftirlitsmaður skóla
Skólavörðustíg 12
Reykjavík.

Héraðsskólinn Laugum, Suður-Þingeyjarsýslu.

Samanburður á skiptingu rekstrarkostnaðar milli aðila eftir lögum nr. 41/1955 og lögum nr. 49/1967 — árið 1967.

| | |
|---------------------------------|------------------|
| 1. Rekstrarkostnaður 1967 | kr. 1 411 275.66 |
| 2. Tekjur | kr. 291 451.00 |
| 3. Nettókostnaður | — 1 119 824.66 |

Kr. 1 411 275.66 Kr. 1 411 275.66

| | |
|--|---------------------------|
| A. Samkvæmt lögum nr. 41/1955 — Nettókostnaður | kr. 1 119 824.66 |
| Í hlut ríkissjóðs | kr. 960 807.29 |
| Í hlut sýslusjóðs | kr. 450 468.37 |
| — — — tekjur | — 291 451.00 — 159 017.37 |

Kr. 1 119 824.66 Kr. 1 119 824.66

| | |
|--|--------------------------------|
| B. Samkvæmt lögum nr. 49/1967 — Nettókostnaður | kr. 1 119 824.66 |
| Í hlut ríkissjóðs | kr. 823 904.29 |
| — — — tekjur | — 218 588.00 kr. 605 316.29 |
| — hlut sýslusjóðs | — 587 371.37 |
| — — — tekjur | — 72 863.00 — 514 508.37 |

Kr. 1 119 824.66 Kr. 1 119 824.66

| Mismunur A. og B. | Ríkissjóður | Sýslusjóður |
|-------------------------------|----------------|----------------|
| A. skv. l. nr. 41/1955 | kr. 960 807.29 | kr. 159 017.37 |
| B. skv. l. nr. 49/1967 | — 605 316.29 | — 514 508.37 |
| Ríkissjóði til hagnaðar | — 355 491.00 | |
| Sýslusjóði í óhag | | — 355 491.00 |

Reikningar 1968 liggja ekki þannig fyrir, að samanburður geti verið raunhæfur fyrir það ár.

19/3 1969.